

KORN TIL ÞROSKA (*CEREALS*)

Bygg (*Hordeum vulgare L.*)

Yrki af sexraðabyggi (6r) þroskast fyrr en yrki af tvíraðabyggi (2r) og nýta því vel stuttan vaxtartíma, en hættir til að tapa korni, brotna og leggjast.

Arve (6r)	Gram.	Viðkvæmt í veðrum og missir þá kornið. Fljótþroska.
Lavrans (6r)	Gram.	Sjúkdómapolið, en ekki veðurþolið. Gæti hentað sunnanl.
Olsok (6r)	Gram.	Tiltölulega veðurþolið. Miðlungi fljótþroska.
Tiril (6r)	Gram.	Í flestu svipað Arve, en tæplega eins fljótþroska.
Ven (6r)	Gram.	Seinþroska, vindþolið. Gæti hentað sunnanlands.
Filippa (2r)	SW	Nýtur sín vel við langan sprettutíma.
IsKría (2r)	Lbhí	Fljótþroska, svipuð Skeglu, uppskerumeiri.
Rekyl (2r)	SW	Arftaki Gunillu, fremur seinþroska.
Saana (2r)	Bor.	Seinþroska. Hentar aðeins syðst á landinu.
Skegla (2r)	Lbhí	Fljótþroska, hentar í þunga jörð.

Hafrar (*Avena sativa L.*)

Hafrar eru heldur seinni til þroska en bygg, en gera minni kröfur til jarðvegs.

Aslak	Bor.	Fljótþroska.
Cilla	SW	Fljótþroska.